



Hjálparsveitin .. DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 17. árg. • Desember 2017



Gleðilegt ár!

Unglingadeildin Bangsar

Unglingarnir sem störfuðu með okkur síðastliðið ár voru í heildina 11 talsins. Flestir krakkarnir voru úr 10. bekk í Hrafnagilsskóla eins og undanfarin ár, en einnig komu nokkrir frá Akureyri og

störfuðu með okkur. Það er gaman þegar krakkar úr öðrum sveitarfélögum ganga til liðs við okkur ásamt okkar eigin sveitungum.

Fundir voru haldnir aðra hverja viku eins og

áður hefur tíðkast hjá okkur. Allt í allt hittumst við u.þ.b. 15 sinnum við ýmis tilefni. Það sem við gerðum meðal annars á árinu voru örnám-skeið í skyndihjálpi, fjarskiptum, snjóflóðaleit, ferðamennsku og rötun. Við kíktum í heimsókn



Tveir flottir úr unglingadeild, Oddur Hrafnkell og Gunnar Smári.



Bílstjórar í jeppaferð unglingadeildarinnar.



Eiður að kenna unglingunum fjarskipti.



Unglingadeildin á göngu að Aldeyjarfossi.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



HÚSASMÍÐJAN

Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI



Unglingadeildin í heimsókn á slökkvistöðinni.



Dósir flokkaðar til fjárflyunar.

í klifurvegginn hjá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri. Við fórum einnig á slökkvistöðina á Akureyri, fengum góða fræðslu þar og fengum að skoða okkur um. Þá voru haldnar ýmsar æfingar og prufuðum við mikið af búnaðinum okkar. Einnig sáu krakkarnir um kaffið í okkar árlegu göngu á föstudaginn langa, bökuðu vöfflur, aðstoðuðu við kassaklifur, tiltekt og frágang. Þau stóðu sig gríðarlega vel að vanda.

Eins og síðustu ár þá endaði starfið með frábæri jeppaferð sem heppnaðist mjög vel. Farið var á fjórum jeppum upp í skálann Réttartorfu í Bárðardal og gíst í eina nótt. Boðið var upp á dýrindis heilgrilluð lambalæri í kvöldmat og meðlæti. Allir borðuðu á sig gat, unglingar jafnt sem fullorðnir. Eftir matinn var gengið frá og krakkarnir spiluðu saman. Á laugardeginum þegar búið var að ganga frá skála og pakka í bílana var ákveðið að lengja aðeins leiðina

heim. Skoðað var nærsvæði Réttartorfu, farið sömu leið til baka og að Hrafnabjargafossi og gengið niður að Aldeyjarfossi. Við fengum mjög gott veður og allir voru ánægðir með ferðina, unglingar, bílstjórar og umsjónarmenn.

Þetta var mjög vel heppnaður og skemmtilegur vetur. Allt gekk að óskum og umsjónarmenn í



Æfing í böruburði.

skýjunum með hópinn sinn, sem einkenndist af áhugasömum og skemmtilegum unglingum. Mun unglingadeildin starfa með sama sniði næstu ár.

Bjarney Guðbjörnsdóttir
umsjónarmaður



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt
nýtt ár!*



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.



Útköll og aðstoðarbeiðnir

5. janúar

Pennan dag barst útkall vegna leitar að sleðafólki á Langjökli. Þrír félagar gerðu sig klára fyrir útkallið, en fólkíð fannst áður en lagt var af stað, heilt á húfi.

20.-22. janúar

Þrír félagar ásamt einum svæðisstjórnarmanni frá Dalbjörg fóru til aðstoðar við leit að ungri konu sem hafði verið saknað um tíma á höfuðborgarsvæðinu.

25. febrúar

Nokkir félagar skruppu ásamt félögum í Súlum í leit að kindum laugardaginn 25. febrúar og var ætlunin að fara upp Bárðardalinn. Leiðangurinn þurfti síðan að snúa við vegna veðurs og var þá farið til aðstoðar bónda við að loka baggagati á útihúsi.

27.-28. febrúar

Dalbjargarfélagar fengu boð um útkall á Glerárdal þann 28. febrúar síðastliðinn, um kl. 22 um kvöldið. Um var að ræða tvo erlenda göngumenn sem voru

á leið í skálann Lamba á Glerárdal. Þeir óskuðu eftir aðstoð þar sem þeir treystu sér ekki lengra, en voru vel búnir. Tveir félagar fóru til aðstoðar á sleðum sveitarinnar auk þess sem einn félagi var í svæðisstjórn á meðan á útkallinu stóð. Mennirnir fundust heilir á húfi um kl. 00:30 um nóttina. Vel gekk að koma mönnunum til byggða og var aðgerðinni lokið um klukkustund síðar.

1. mars

Óskað var eftir aðstoð við að tína saman búta úr þaki sem hafði fokið af garðhúsi ofan í bæjarlæk. Sex manns fóru í verkið.

24. mars

Óskað var aðstoðar við að festa lausar þakplötur á bæ í sveitinni. Sex félagar fóru af stað og gengu frá þakinu á tryggan hátt.

17. apríl

Tveir félagar fóru á Dalbjörg 1 til aðstoðar við að sækja bíl við Laugafell.

8. júní

Útkall barst vegna reysk um borð í farþegavél sem var að fara að lenda á Akureyrarflugvelli. Útkallið var síðan afturkallað.

20. ágúst

Fimm félagar fóru í útkall vegna mótórhjólakonu sem fótbrotnaði á Eyjafjarðarleið, um 10 km norðan Laugafells. Farið var úr húsi á tveimur bílum sveitarinnar, Dalbjörg 1 og 2 og einnig var einn félagi í húsi. Hópur frá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík kom að konunni og flutti hana til móts við Dalbjargarfélagar sem voru með sjúkraflutningamenn innanborðs. Konan var síðan flutt á Sjúkrahúsið á Akureyri. Útkallið barst rétt fyrir kl. 12 og aðgerð var lokið um kl. 17.

9. september

Þann 9. september klukkan 16:20 barst útkall vegna gangnamanns sem fallið hafði í ginn á Djúpadal, við mynni Strjúgsárdals. Áætlað var



Þyrlan að koma yfir slystaðinn í Djúpadal.



Þyrlan lætur börurnar síga í útkallinu í Djúpadal.

Sendum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum innilegar jóla- og nýárskeðjur

JÖTUNN
VÉLAR · VÆRSLUN · VÁRAHLUTIR



Hópur í Dalborg eftir útkall.



Farið yfir málin eftir útkall.

að maðurinn hefði fallið tæpa 16 metra. Um 16:50 fóru Dalbjörg 1 og 2 úr húsi með átta félagar, auk þess sem einn var í svæðisstjórn. Aðstæður á vettvangi voru mjög krefjandi þar sem slysið varð í brattri fjallshlíð í um 400 metra hæð og meðal annars var hætta á grjóthruni. Ekki var ljóst í fyrstu hvort unnt yrði að nota þyrlu til að flytja sjúklinginn eða hvort útbúa þyrfti línukerfi til þess að flytja hann niður bratta hlíðina. Úr varð að þyrlan gat hift manninn um borð á þessum stað. Búið var um sjúklinginn í þyrlusekk sveitarinnar og var hann hífður um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar. Með henni var hann fluttur á Sjúkrahúsið á Akureyri. Dalbjargarfélagar komu í hús aftur um kl. 20:30. Maðurinn hlaut af slysinu talsverða

áverka en hefur nú náð sér nokkuð vel, svo betur fór en á horfðist.

Birgir Arason í Gullbrekku vill skila kæru þakklæti til allra þeirra sem stóðu að aðgerðinni í Djúpadal þennan dag.

24. október

Klukkan 17:57 var sveitin boðuð í útkall vegna leitar í nágrenni Akureyrar. Um 18:30 lögðu tíu félagar af stað úr húsi á tveimur bílum, Dalbjörg 1 og Dalbjörg 2. Auk þess voru 2 Dalbjargarmenn í svæðisstjórn. Afturköllun barst upp úr kl. 20:00, en þá hafði maðurinn fundist heill á húfi.

3. nóvember

Um klukkan 18:20 þennan dag barst sveitinni

útkall þar sem bíll fór fram af bryggjunni á Árskógsströnd. Óskað var eftir einum bíl frá Dalbjörg til að ferja kafara frá Akureyrarflugvelli og á Árskógssand og fór einn félagi til aðstoðar. Aðgerðum var lokið um klukkan 20:00.

5. nóvember

Klukkan 01:20 barst útkall vegna óveðurs þar sem skúta hafði losnað frá flotbryggjunni við Hof. Um borð í skútunni var níu manna fjölskylda. Átta Dalbjargarmenn fóru úr húsi á tveimur bílum og auk þess voru tveir í svæðisstjórn. Fjölskyldunni var komið í öruggt skjól og skútur sem lágu við bryggjuna festar kirfilega. Aðgerðum var lokið um 02:40.

Við óskum sjálfbodaliðum í Hjalpar Sveitinni Dalbjörg, öðrum björgunarsveitum og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og þökkum ánægjuleg samskipti á árinu.



PACTA Lögmenn . Hafnarstræti 91-95 . 600 Akureyri . Sími: 440 7900 . Fax: 440 7901



Haustferð Dalbjargar 2017

Laugardaginn 21. október héldum við í okkar árlegu haustferð. Var ferðinni heitið í Laugafell.

Það var klukkan 8:30 á laugardeginum sem ævintýrasæknir Dalbjargarfélagar mættu í hús. Já nema þeir sem sváfu yfir sig, en þeir birtust laust fyrir 9. Klukkan 9 var lagt í hann, 12 manns á 6 jeppum sem voru Dalbjörg 1 og 2 ásamt fjórum einkabílum. Hópurinn var kominn nokkuð áfallalaust í Laugafell upp úr 12.

Við ókum því næst smá hring í kring um Laugafell. Kíktum í Grána, Landakot, Sandbúðir og renndum að lokum forsetaleiðina aftur í Laugafell. Ferðin gekk vel þó eitthvað hafi verið um húddopnanir og fleira, auk þess sem sum dekkirn voru stundum eitthvað loftminni en önnur.

Þá var komið að snæðingi. Um kvöldið var grillað lambakjöt og sá Guðlaug um sósur og annað meðlæti af mikilli snilld. Við lauguðum okkur og lögðumst loks til hvílu í Hjörvars-skála.

Á sunnudagsmorgninum lá leiðin beint heim á leið og fórum við sömu leið og á laugardeginum, Eyjafjarðarleið. Komið var í Dalborg um hádegi og mannskapurinn sameinaðist í að skola af bílum sveitarinnar og ganga frá.

Þótt þessi ferð hafi aðeins verið rúmur sólarhringur þá var hún mjög skemmtileg og fræðandi um svæðið okkar því margir nýir meðlimir voru með í för og eldri og reyndari duglegir að miðla þekkingu sinni á svæðinu áfram.

Ólafur Ingi hélt svo utan um tölfræði ferðarinnar og gaf út þessar skemmtilegu viðurkenningar.

Viðurkenningar helgarinnar:

Færasti húddopnarinn: Kristinn Örn
Nuddglaðasti bílstjórinn: Ragnar Ágúst
Gleymnasti bensínlokakorinn: Ólafur Ingi
Félagslyndasti farþeginn: Guðlaug Sigríður
Hressasti sögumaðurinn: Ingvar Þróstur
Fallegasti formaður ferðarinnar: Kristján Hermann

Takk fyrir frábæra haustferð kæru drengir!

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir
Ólafur Ingi Sigurðsson



Patrol í haustferð.



Flottur hópur í haustferð.

Búvís
ÁBURÐUR

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆDI
VELDU BÆÐI!

Gæða áburður
á góðu verði

Búvís
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is

Stóra Dalbjargarferðin og Tækjamót 2017

Dagana 31. mars til 2. apríl 2017 var Tækjamót Slysavarnafélagsins Landsbjargar haldið að Fjallabaki. Þar sem Stóra Dalbjargarferðin hafði frestast var tilvalið að búa til góða ferð á Tækjamótið.

Lagt var af stað frá Akureyri með þremur öðrum sveitum á svæðinu, Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri, Björgunarsveitinni Þingey í Þingeyjarsveit og Ægi, björgunarsveitinni á Grenivík. Keyrt var upp úr Bárðardal, inn á Sprengisand síðan inn á Kvíslaveituveg niður í Hrauneyjar og þaðan í Landmannalaugar þar sem var gíst um nóttina. Seinna um kvöldið bættust svo Strákar á Siglufirði í hópinn.

Sveitir á Suðurlandi eða svæði 16 skipulögðu tækjamótið og fjölmennt var á mótið af öllu landinu.

Á laugardagsmorgni var farið inn í Gláðheima en þangað var öllum björgunarsveitunum stefnt saman. Þar voru saman komin snjóbílar, vélsleðar og jeppar. Keyrt var um Fjallabak nyrðra og var veður frekar blindað til að byrja með en rættist fljótt úr því. Landslagið þar er mjög falllegt og ekki erfitt fyrir jeppamenn og sleðamenn að finna sér svæði til að njóta og reyna á tækin sín. Dagurinn var mjög góður og þökkum við kærlega fyrir flott Tækjamót.

Stefnan hjá Norðansveitum var að fara í Jökulheima og gista þar, en veðurspá var slæm og var þess vegna farið niður í Hólaskjól í Skaftártungu og gíst þar. Sameiginlegur kvöldmatur var um kvöldið og skiptu sveitinar þessu að sjálfsögðu vel niður. Súlur og Dalbjörg komu með kjötið, Grenivík kom með kartöflur og Siglufjörður með meðlætið.

Desertinn var í höndum Þingeyjar og var um eðal Royal búðing að ræða sem hrærður var með rahlöðuborvél í 10 lítra fötum.

Að morgni sunnudags var svo ekið niður Skaftártungu, niður á Þjóðveg 1. Matarstopp var tekið í Vík og Hvolsvelli. Þegar allir voru mettir og sælir lá leiðin norður Kjöl og að sjálfsögðu var stoppað á Hveravöllum og svæðið skoðað áður en haldið var áfram til síns heima.

Við viljum þakka Ægi Grenivík, Súlum Akureyri, Strákum Siglufirði og Þingey fyrir skemmtilega ferð og hlökkum til að fara með þessum frábæru sveitum aftur í ferð.

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir
Hreiðar Fannar Víðisson
Ingvar Þróstur Ingólfsson

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



SAMHERJI



Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.

Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum tengdum fóðrun og jarðrækt.

Bústólpi ehf. · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is



Minningarmolar

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að á næsta ári verður Hjálparveitin Dalbjörg 35 ára. Margt hefur breyst frá því sveitin var stofnuð árið 1983. Allt frá því að dreyma um að eignast frambyggðan Rússa sem björgunarbíl, til þess tækjafloata sem sveitin á í dag. Frá því að byggja Bangsabúð í samvinnu við eigendur Steinhólaskála, í það að kaupa blómaskálann Vín sem heitir nú Dalborg.

En í mínum huga er mesti kosturinn allt fólkið sem ég hef kynnst á þessum árum. Til

dæmis var núverandi formaður sveitarinnar á fyrsta aldursári þegar Hjálparveitin Dalbjörg var stofnuð. Margir sem voru í ferðum sem farnar voru í Hveravelli með nemendur 10. bekkjar á sínum tíma eru nú komnir með fjölskyldu. Suma tókst okkur að smita af þessari bakteríu sem björgunarsveitarstörfir eru og eru þau starfandi með Dalbjörg í dag. Allar ferðirnar sem hafa verið farnar. Sumar þeirra hafa fengið viðurnefni eins og Helvítisferðin og Fokking horse shit house ferðin. Eins hefur verið keppt í eins manns vasaljósakasti og

margt fleira. Stutt er í að það verði 20 ár frá því að Dalbjörg fór á sitt fyrsta Tækjamót Landsbjargar á Grímsfjalli og held ég að þátttaka í tækjamóti hafi aðeins fallið niður einu sinni hjá okkur síðan.

Eins og einhverjir vita hef ég skrifað um ýmsa atburði í sögu Dalbjargar í þessu blaði áður. Ég sleppi því núna en læt myndir tala sínu máli.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt ár.

Ingvar Þ. Ingólfsson



Hlynur og Jóel í Skotlandi árið 1991.



Fjallabjörgunarnámskeið árið 2015.



Davíð að æfa sig við Bangsabúð í kringum 1996-1997.



Fríðrik að síga í Munkaþverárgili 2015.



Skyndihjálparæfing um 1988-1990.



Hópslysæfing 2016.

Bestu óskir um *gleðileg jól* og farsælt nýtt ár

G. HJÁL MARSSON HF
AKUREYRI



Finnur Aðalbjörnsson og Ingólfur Sig. á Garðsárdal um 1988.



Fríðrik og Arnar við sledana sem við eigum í dag.



Fjöldmenn við vígslu Bangsabúðar 1988.



Opinn dagur í Bangsabúð árið 2011.



Fólk og tæki við Dalborg á vígsludegi 2014.



Éli gamli á Tækjamóti 2001.



Snjóbíllinn okkar í dag.



Nýr og flottur Ford Econoline við Bangsabúð 1988-1989.



Breyttu bílarnir okkar í dag.



*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Jólakeðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



BAKARÍÐ VIÐ BRÚNA
Opið virka daga frá kl. 7–18
Um helgar kl. 7–16



Húsnæði Hjálparsveitarinnar Dalbjargar

Í október árið 2013 keypti Hjálparsveitin Dalbjörg gamla blómaskálanum Vín, sem er flestum kunnugt. Þá hófust flutningar úr gamla húsnæðinu okkar, Bangsabúð er staðsett var í Steinhólum. Þegar nýja húsnæðið var keypt þótti augljóst að mörgu þurfti að breyta og bæta til að þar gæti orðið gott húsnæði til að starfrækja björgunarsveit.

Þar sem þetta var gamalt gróðurhús var orðið lélegt plast á öllum þökum og þéttinn og einangrunin farin að slakna. Einnig voru veggir ekki upp á sitt besta. Fljótlega var tekin ákvörðun um að þetta þyrfti að laga. Þá fór af stað ferli hvernig best væri að snúa sér í svona framkvæmdum. Meðal annars var húsið teiknað upp að nýju samkvæmt hugmyndum að framtíðarnýtingu húsnæðisins. Einnig var hug-

að að því hvernig efni væri hagstæðast og best að nota og hvenær þessi framkvæmd ætti að hefjast. Ákvörðun var tekin í vor, og keyptum við passandi yleiningar frá Byko í bæði veggj og þak.

Föstudaginn 15. september kl. 8:00 kom efnið í þakið og veggina til okkar. Efninu var komið fyrir á planinu við Dalborg og þá var bara að hefjast handa. Strax var hafist handa



Hér er byrjað að rífa þakið af blómaskálanum. Vaskir menn að stöfum.



Hér er gróðurhúsið langt komið, gamla þakið var rífið jafnóðum og nýja var sett á.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



STRAUMRÁS hf.

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölhúsgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur
Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar
Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir
Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting
Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun
Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta
Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar



Hér er þakið farið að taka á sig mynd, meirihlutinn af nýja þakinu kominn á.



Eins og sjá má varð til mikið rusl við þetta. Þetta er aðeins brot af öllu því rusli sem var fargað.

við að rífa gamla þakið af. Þar sem þetta er gamalt hús fylgdi því mikið rusl. Plast- og járnplötur að utan, þakpappi, einangrun og klæðning innan á. Allt ruslið var samviskusamlega flokkað í viðeigandi gáma og komið á sína staði. Snæbjörn frá Höskuldsstöðum fengum við til að aðstoða okkur við að byrja verkið. Kom hann ásamt þremur mönnum á sínum vegum og færum við þeim miklar þakkir fyrir. BB byggingar lánuðu okkur byggingarkrana í verkið og Hjalti Þórsson á Kvistási sá um að flytja ruslið í burtu fyrir okkur sem við erum einnig þakklát fyrir. Auðvitað mættu einnig fjölmargir Dalbjargarfélagar í verkið, ungir sem aldnir. Þá komu vinir okkar í Björgunarsveitinni á Dalvík okkur til aðstoðar.

Það er ótrúlega gaman að sjá í svona stórum hóp eins og björgunarsveitin okkar er, hvað það koma margir ólíkir einstaklingar saman og allir hjálpast að. Auðvitað eru ekki allir smiðir, margir eru handlagirnir með verkfæri, aðrir ekki, sem er hið besta mál. Allar hendur er mikilvægar í svona verkefni. Það þurfti til dæmis margar hendur til að flokka og henda öllu þessu rusli, aðrir buðu fram aðstoð sína við eldhús störfin og komu með mat og bakkelsi handa duglegu fólki.

Á sunnudagskvöldinu þessa sömu helgi var búið að rífa gamla þakið af skálanum og setja nýtt á og jafnframt var byrjað á að setja nýjar plötur á þakið á gróðurhúsinu. Mikilli vinnu var komið í verk þessa helgi og fóru margir félagar

eflaust þreyttir, en ánægðir í háttinn þetta kvöldið. En vinnan var alls ekki búin, mikið verk var enn fyrir höndum að klára húsið og ganga frá fyrir veturinn. Næstu daga og helgar mættu menn og konur ýmist eftir vinnu eða skóla og unnu fram í myrkur.

Vinnan við útveggina mun hinsvegar bíða betri tíma, en stefnt er að því að skipta um þá næsta sumar. Öll þessi vinna hjá okkar fólki er unnin í sjálfböðavinnu þannig að eðilega er ekki hægt að gera allt í einu. En góðu og mikilvægu verki var lokið þetta haustið. Við erum stolt af fólkinu okkar sem kom að þessu með einum eða öðrum hætti.

Bjarney Guðbjörnsdóttir
Kristján Hermann Tryggvason

Sjóvá

440 2000

Hversu lengi gætir þú verið án launa?

Við ættum öll að vera vel tryggð fyrir alvarlegum veikindum.



Nánar á: sjova.is/lifogheilsa



SJÓVÁ



FLUGELDA MARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



AFGREIÐSLUTÍMI:

- 28. desember kl. 13–22
- 29.–30. desember kl. 10–22
- 31. desember kl. 9–16
- 5. janúar kl. 19–21

Flugeldasími: 863 1271

HJÁLPARSVEITIN DALBJÖRG



Molar

Styrkveiting

Í mars á þessu ári bauðst Dalbjörg styrkur frá veitingastaðnum Akureyri Fish and Chips við Skipagötu. Síðan þá hefur verið á staðnum box undir þjórfé, með myndum úr starfi Hjálparveitarinnar Dalbjargar. Allt sem safnast í þetta box rennur beint til styrktar sveitinni. Friðrik Karlsson, félagi í Dalbjörg, smíðaði þetta fína box og naut aðstoðar Axels í Pedromyndum við að setja myndirnar á. Það var hann Andri (á flandri) sem setti fyrstu 200 kr. í baukinn. Það var svo núna nýlega sem eigendur höfðu samband við okkur þar sem baukurinn var orðinn fullur. Friðrik og Kristján skelltu sér því í hádegismat í boði Fish and Chips og fóru síðan með baukinn í bankann, en í hann höfðu þá safnast tæpar 100.000 kr. Bauknum var svo stillt upp aftur á sinn stað á þessum fína veitingastað. Það munar vissulega um svona styrki fyrir okkur og við þökkum eigendum staðarins kærlega fyrir framtakið og Friðrik og Axel fyrir aðstoðina. Svo hvetjum við auðvitað alla til að líta við á

Akureyri Fish and Chips, bragða á þeirra góðu réttum og láta eitthvað smávegis af hendi rakna í baukinn góða!

Viðburðir

Eins og alltaf voru farnar nokkrar æfingaferðir og heimsóknir í ár, bæði á bílum og sleðum. Þann 2. mars var t.d. farið á Vaðlaheiði og 22. apríl í Laugarfell. Fimmtudaginn 2. febrúar fóru nokkrir vaskir félagar í heimsókn á lögreglustöðina á Akureyri og ræddu við Hermann og fleiri um hin ýmsu mál, s.s. samstarf viðbragðsaðilanna og fleira ásamt því að skoða lögreglustöðina.

Á árinu sóttu nokkrir félagar sveitarinnar og unglingadeildarinnar leitarhundaæfingar og námskeið með hundana sína og var mikill áhugi fyrir því, sérstaklega á vordögum.

Föstudaginn langa, þann 14. apríl, var Páskagangan okkar haldin að venju. Mætingin var mjög góð í ár, eða um 70 manns skráðir í gestabókina okkar. Meðlimir Ung-

lingadeildarinnar Bangsa og umsjónarmenn þeirra stóðu í ströngu í vöfflubakstri handa þreyttu göngufólki eftir gönguna og stóðu sig með þryði.

Sumarhátíð var að venju á Melgerðismelum á sumardaginn fyrsta, þann 21. apríl og voru tækin okkar þar til sýnis.

Fjölskyldudagurinn var haldinn í Hlíðarfjalli þann 1. maí. Þá var enn nokkur snjór og við fengum að hafa Töfrateppið opið og svo voru auðvitað grillaðar pylsur ofan í mannskapinn. Aldrei þessu vant var smá gola þennan dag, en hörkutólin sem mættu létu það ekki á sig fá.

Þann 6. maí var haldin flugslýsæfing á Akureyrarflugvelli. Vel var mætt af Dalbjargarfélögum eða um 11 manns og fengum við fjölbreytt verkefni, s.s. í bráðaflokkun og flutningi sjúklinga. Þá léku nokkrir meðlimir unglingadeildarinnar sjúklinga á æfingunni. Myndir frá æfingunni má sjá á bls. 16.

Þann 9. júní stóð húsnefnd fyrir vorhrein-geringu í Dalborg og grilli á eftir og lukkaðist það afar vel.



Bjarney og Halli í flugeldasölu.



Endurmenntun í fyrstu hjálp.



Kassaklifur eftir Páskagönguna.



Jóhann með kassaklifur eftir Páskagönguna.



Kassaklifur eftir Páskagönguna.



Páskaeggjaleit eftir Páskagönguna.



Brasað í sleðunum.



Andri (á flandri) setur fyrsta framlagið í baukinn góða á Akureyri Fish and Chips.



Endurlífgun æfð á endurmenntunarnámskeiði í fyrstu hjálp.



Endurlífgun ungbarna á endurmenntunarnámskeiði í fyrstu hjálp.



Heimsókn á lögreglustöðina á Akureyri 2. febrúar.

Þann 1. desember héldum við Litlu-jólin okkar í Funaborg. Þátttakan var að venju góð og allir skemmtu sér vel.

Fjáraflanir

Við seldum flugelda eins og venja er orðin í Hrafnagilsskóla, sem gekk mjög vel að vanda.

Þá tókum við einnig þátt í vinnu við hina árlegu Handverkshátíð í Hrafnagilsskóla, en hún er afar mikilvægur liður í fjáröflun sveitarinnar á hverju ári. Eins og verið hefur sáu félagar Dalbjargar um uppsetningu skilta, tjalda, sýningarkerfis o.fl. Við sáum einnig um sjúkragæslu á opnunartíma hátíðarinnar og unnum ásamt fleirum í grillveislunni. Eftir hátíðina á sunnudeginum var farið strax í að taka niður tjöld og sýningarkerfi og ganga frá öllu.

Félagar Dalbjargar tóku að sér gæslustörf í

ár á þorablóti Eyjafjarðarsveitar og einnig á tjaldsvæðinu við Hrafnagilsskóla á Bíladögum, í kringum þjóðhátíðarhelgina.

Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Dalbjargar var haldinn þann 20. apríl í Dalborg. Stjórnarmenn eftir fundinn voru eftirfarandi: Kristján Hermann Tryggvason, formaður, Ingvar Þ. Ingólfsson, varaformaður, Sunna Axelsdóttir, ritari, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri og Stefán Magnús Jónsson, meðstjórnandi. Einnig var skipað í húsnefnd, en í henni eru Friðrik Karlsson, Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir, Ólafur Ingi Sigurðsson og Jóhann Jóhannesson.

Almennir fundir voru 11 talsins og stjórnarfundir einnig. Aðrir fundir voru haldnir eftir þörfum, s.s. í sleðahóp, tækjahóp og fjalla-björgunarhóp. Þá kom til nýbreytni hjá okkur í

ár sem kallast „Vikulegur“, en það eru einmitt vikulegir fundir sem haldnir eru á mánudögum. Umfjöllun um þessa skemmtilegu fundi er annars staðar í blaðinu. Auðvitað voru einnig haldin fjölmörg vinnukvöld á árinu, bæði vegna vinnu í húsi og tækjum. Þá fóru ófáar stundir í það í haust að koma nýju þaki á húsið okkar, Dalborg.

Fundur vegna Hálendisvaktar var haldinn 1. mars í Dalborg. Fulltrúaráðsfundur var á dagskrá í Reykjavík þann 21. nóvember, en honum var frestað fram í janúar vegna veðurs. Þá sóttu tveir félagar, Ingi og Jóhannes, fundi svæðisstjórnar á svæði 11 og sinntu öðrum störfum hvað hana varðar. Unglingadeildin Bangsar fundaði aðra hverja viku frá nóvember og fram á vor og hófu svo leikinn á ný um haustið. Umsjónarmenn unglíngadeildar sóttu Landsfund umsjórnarmanna unglíngadeilda á Akureyri 29. september – 1. október 2017.

Slysavarnir

Á hverju ári fara félagar Hjálparsveitarinnar Dalbjargar í ferð um sveitina og bjóða til sölu rafhlöður í reykskynjara ásamt því að selja Neyðarkallinn. Í ár var það gert helgina 4.-7. nóvember og gekk vel, enda fáum við alltaf góðar móttökur á þessum ferðum okkar.

Þá fórum við einnig með endurskinsmerki í Hrafnagilsskóla og leikskólann Krummakot eins og undanfarin ár, enda hefur það sýnt sig að það er nauðsynlegt fyrir alla að nota endurskinsmerki í skammdeginu.

Að venju tóku nokkrir félagar þátt í Hálandisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar og stóðu sig vel.

Námskeið

Undanfarin ár hefur verið mikill uppgangur í menntun hjá Dalbjörg og er þetta ár ekki undanskilið.

Í janúar var námskeiðið Hegðun týndra haldið á Akureyri og fóru fjórir félagar frá Dalbjörg á það. Þann 17. janúar héldum við námskeiðið Björgunarmaður í aðgerðum í Dalborg og var það vel sótt. Einn félagi sótti Bifreiðastjóranámskeið á Grenivík og þann 31. janúar var á dagskrá Endurmenntun í fyrstu hjálpi í Dalborg sem um 15 manns sóttu. Í febrúar sóttu félagar sveitarinnar námskeið í hópstjórnu á Dalvík og einnig Fyrstu hjálpi 2. Dagana 3.-5. febrúar fór einnig

einn félagi á endurmenntun í vettvangshjálpi í óbyggðum, WFR. Námskeiðið í ferðamennsku og rötun voru haldin 10.-12. mars og á það mættu sex félagar ásamt félögum úr björgunarsveitum hér í kring. Dagana 5.-6. maí sóttu tveir félagar vélsleðanámskeið með Chris Brown á Ólafsfirði annars vegar og í Hlíðarfjalli hins vegar. Fjarskipti 1 var haldið þann 13. maí í Dalborg og mættu á það 11 manns. Dagana 26.-28. maí sóttu þrjú félagar námskeið með hunda sína hjá Björgunarsveit Íslands. Þann 9. nóvember var námskeiðið Öryggi við sjó og vötn haldið í Dalborg og GPS námskeiði 16. nóvember. Vel var mætt í bæði skiptin.

Myndir frá flugslysaæfingu



MOTUL



Motul á Íslandi og Arctic Sport pakka fyrir viðskiptin á árinu.



Nýr bíll

Í byrjun desembermánaðar festum við kaup á „nýjum“ bíl sem áður var í eigu nágretta okkar Súlna á Akureyri. Um er að ræða níu manna Volkswagen Transporter, 2006 árgærd. Bíllinn er fullgræj-
aður með fjarskipta- og tækjabúnaði, tilbúinn í útkall en slíkur bíll þykir henta vel í útköll í byggð og í langferðir á námskeið, fundi eða útköll fjarri heimabyggð.

Bíllinn mun leysa af hólmi eldri bíl sem hefur þjónað okkur með miklum ágætum í um það bil 10 ár. Hann þykir ekki hentugur lengur til að fara um langan veg með björgunarfólk sökum hávaða og lélegra sæta. Gamli bíllinn mun enn vera í okkar eigu og verður notaður í ýmis verkefni, til dæmis við breytingar á Dalborg.

Við viljum þakka vinum okkar og nágrönn-
um í Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri fyrir viðskiptin.

Kristján Hermann Tryggvason



Nýi bíllinn kominn í hús.



Bestu óskir um gleðileg jóla og farsælt nýtt ár

SPORTVER



Sendum Eyfirðingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Norðurorku

Es. farið varlega með flugelda og blys um áramótin



NORÐURORKA

Vatns veita - Ra fveita - H itaveita - Fráveita

Öll þrif

fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Allar vörur til ræstinga, áhöld,
hreinsiefni, pappír og plast

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is



Landsþing og Björgunarleikar 2017

Annað hvert ár er Landsþing Slysavarnafélgsins Landsbjargar haldið ásamt Björgunarleikum, sem eru skemmtileg keppni á milli björgunarsveita í ýmiss konar verkefnum sem sveitirnar geta þurft að takast á við í störfum sínum.

Að þessu sinni voru herlegheitin á Akureyri og vorum við í Dalbjörg auðvitað hæstánægð með það. Landsþingið var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri á föstudegi og laugardegi og Björgunarleikarnir á laugardegi. Við áttum okkar fulltrúa á þinginu að vanda, sem er

nauðsynlegt, enda eru á þessu þingi teknar margar ákvarðanir sem varða rekstur og störf björgunarsveitanna.

Á laugardeginum voru einnig haldnir Björgunarleikar og var Dalbjörg með tvö lið í þetta skiptið – Team Kleina og Made in sveitin,



Eiður aðstoðar forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson, við að koma glæsikerrunni af stað, en tækið var notað í eitt af verkefnum Björgunarleikanna.



Team Kleina í verkefni á Björgunarleikum.

*Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptinu
á liðnu ári.*



GREIFINN
RESTAURANT



www.greifinn.is | Sími: 460 1600



Íris að síga í verkefni á Björgunarleikum.

ásamt því að umsjónarmenn frá sveitinni tóku þátt í undirbúningi og skipulagningu verkefna. Verkefni voru fjölbreytt og skemmtileg, allt frá sjóbjörgunarverkefni upp í fjallabjörgun, rötun og að bakka á gömlum traktor með kerru. Það vakti mismikla lukku. Made in sveitin náði sínu „hefðbundna“ fjórða sæti í leikunum og er markmiðið næst að sjálfsgöðu að ná á pall!

Dagurinn var frábær í alla staði og endaði á árs hátíð í Íþróttahöllinni um kvöldið þar sem allir skemmtu sér vel, meðal annars við það að senda Loga Bergmanni veislustjóra og hrekkljalómi fjölmörg smáskilaboð.

Takk fyrir góða helgi.



Made in sveitin á Björgunarleikum.

Hálendisvakt sumarið 2017

Þann 9. júlí síðastliðinn lögðu fjórir félagar á tveimur bílum Hjálparsveitarinnar Dalbjargar leið sína á Sprengisand, nánar tiltekið í Nýjadal, til þess að standa vaktina í hinni árlegu Hálendisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Daginn eftir kom bættist enn einn félagi síðan í hópinn. Í Nýjadal höfðum við aðsetur í eina viku og sinntum gæslu á frekar stóru svæði þar í kring. Við dvöldum í vel innréttuðum, hituðum gámi sem hafði verið færður á svæðið fyrir gæslufólk til að nota um sumarið.

Við fengum nokkur verkefni og vorum við meðal annars kölluð út seint eitt kvöldið þegar við vorum alveg að sofna (og sumir farnir að hrjóta), til þess að kanna ferðir konu sem hafði ætlað gangandi ein sinnar leiðar inn Vonarskarð og ekki skilað sér til baka í tjaldið sitt eftir um 12 klukkustundir. Við skiptum liði þar sem Vonarskarð er friðað svæði og ekki má fara akandi þar um og einungis ganga ákveðnar gönguleiðir. Við fórum tvær gangandi frá Nýjadal og inn Vonarskarð, en hinir í hópnum fóru akandi í átt að tjaldinu hennar til að athuga hvort hún væri komin til baka, þar sem símasamband var ekkert á þeim stað. Aksturinn að tjaldinu tók um 2 klukkustundir en svo var búið að ná sambandi við konuna þegar bíllinn okkar kom á staðinn.



Annað verkefni sem við fengum var að aðstoða mann sem hafði velt mót-orhjólínu sínu ofan í eina ána á svæðinu. Maðurinn var vel búinn til ferðalagsins. Við náðum hjólunu upp úr og þrátt fyrir að mikið vatn hafði farið inn á það náðu strákarnir að koma því í gang aftur. Maðurinn gat því haldið áfram ferð sinni yfir landið.

Einnig fengum við öðruvísi verkefni eins og að aðstoða landvörð við að stika leiðir yfir árnar þar sem mikið vatn var í þeim og ökumenn bæði bílar og bifhjól höfðu farið út á of mikið dýpi við það að reyna að komast yfir árnar.

Í lausa tímanum okkar náðum við að kynnst svæðinu okkar vel og nýttum okkur það einnig vel hafa Laugafell nálægt og geta farið í laugina á kvöldin fyrir svefninn. Flestir fóru svo heim á leið á sunnudeginum 16. júlí, en sumir höfðu farið aðeins fyrr í vikunni heim.

Þetta var góð ferð í alla staði og hlökkum við til næstu gæslu.

Ólína Rut Rögnvaldsdóttir

*Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár*

 **VÉLFANG**
www.velfang.is

*Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár*

laomb inn
Öngulsstaðir

*Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár*

STEYPUSÖGUN NORDURLANDS
Sími 864 2530



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

 **LEIGUVÉLAR
TOBBA**
SÍMI 862 4991 



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



Silva hráfæði ehf
Syðra Laugalandi efra
Eyjafjarðarsveit

Vikulegur

Alla mánudaga síðan í september höfum við haft húsið opið frá kl 20:15 og kallað hittinginn „Vikulegan“.

Yfirleitt er engin sérstök dagskrá en fólk er velkomið að gera það sem því dettur í hug. Heitt er á könnunni og kex í skápnum.

Við höfum þó alls ekki verið aðgerðarlaus.

Þá daga sem ekki var verið að dytta að húsi eða tækjum höfum við fundið upp á ýmislegu.

Mikið hefur verið um spottavinnu. Við höfum júmnað og sigið, sett upp akkeri ásamt nýliðum, en það er eitthvað sem er mikilvægt að kunna. Við einnig dobblað og sett upp línu-brýr. Einhverja mánudaga hefur Stefán ausið úr

viskubrunni sínum varðandi fyrstu hjálp og svo má áfram telja.

Eitt eiga mánudagarnir sameiginlegt: Af þeim höfum við bæði gagn og gaman.

Við hvetjum þá sem langar að ganga í sveitina og hafa aldur til, að kíkja á okkur á mánudagskvöldum. Ólafur Ingi Sigurðsson.



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt
nýtt ár!*

G Gröfur

Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701



VÍS

**VÍS óskar landsmönnum
gleðilegra jóla**



*Sendum Eyfirdingum
okkar bestu jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*

Garðsbúið ehf. Eyjafjarðarsveit

Samæfing á svæði 11

Pann 14. október var haldin samæfing hjá björgunarsveitum á svæði 11. Í æfingunni tóku þátt ásamt Dalbjörg; Björgunarsveitin Súlar á Akureyri og Björgunarsveitin á Dalvík.

Súlumenn sáu um skipulag æfingarinnar. Sveitirnar hittust í H12 (Súluhúsinu) klukkan 8:00 þennan ágæta laugardagsmorgun. Þar var hópnum, sem taldi um 40 manns, skipt í 3 hópa blandaða sveitum.

Haldið var inn á Glerárdal. Kalt var í veðri og norðan gjóla. Það er ekkert verra að ekki sé sól og blíða á æfingardögum, enda sjaldnast rjómaþliða í útköllum.

Á Glerárdal var búið að setja upp þrjú verk efni; tvö fjallabjörgunarverkefni og eitt leitar tækniverkefni. Verkefnin voru krefjandi og skemmtileg, við allra hæfi. Í leitar tækniverkefninu þurfti að skipuleggja leit innan lítils leitar hóps. Notast var við leitar tækni sem kennd er

hjá björgunarskólanum og er gott fyrir alla að rifja tæknina upp og halda sér við.

Fjallabjörgunarverkefnin voru mjög krefjandi og fólu m.a. í sér sig og böruburð upp úr gilinu við gömlu ruslahaugana. Dalbjörg hefur nýlega endurnýjað fjallabjörgunarbúnaðinn og þekking og reynsla eykst stöðugt í takt við aukinn áhuga hjá meðlimum sveitarinnar. Við stóðum okkur því með stakri þrýði við að leysa fjallabjörgunar verkefnin. Ólafur Ingi Sigurðsson.



Hópurinn eftir samæfingu.



Brekku björgun.

Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár



Óðinsnes 2
Sími 460 4800



Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár

Deloitte.



Sérsmíðum innréttingar og innihurðir

Teiknum og gerum verðtilboð



Njarðarnesi 14 - 603 Akureyri - Sími 460 6100
www.ssbyggir.is - harpa@tak.is

DALBJÖRG ÞAKKAR VEITTAN STUDNING



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



B BLIKKRÁS EHF

Plastás ehf
Einangrunarplast

Óseyri 4 - Sími 462 7799



Blikkaáskameintari
bblikk@internet.is





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA